Reykjavíkurborg
Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 5. desember 2020
R20120033

Borgarráð

***Álftamýri 14, sala á íbúð 402***

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að ganga frá sölu á íbúð 402 í Álftamýri 14 til Félagsbústaða hf. kt. 510497-2799 fyrir krónur 39.750.000.

*Greinargerð:*

Borgarráð fól eignasjóði árið 2017 að kaupa íbúðir sem lið í því að leita tímabundinna lausna til aukningar á félagslegu húsnæði í Reykjavík. Um var að ræða tímabundna ráðstöfun. Íbúðir voru síðan framleigðar til velferðarsviðs en hafa verið í rekstri Félagsbústaða. Félagsbústaðir hafa óskað eftir að eignast nokkrar af þessum íbúðum og er þetta liður í því. Fengið var verðmat tveggja óháðra löggiltra fasteignasala og er söluverð meðaltalsverð verðmata.

Íbúðin er á 4. hæð, 80,6 fermetrar að stærð og fasteignamat næsta árs er krónur 38.150.000.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Hjálagt:
Verðmat Remax fasteignasölu dags. 3.12.2020.
Verðmat Höfða fasteignasölu dags. 3.12. 2020.

# VERÐMAT

## Álftamýri 14,108 Reykjavík

Undirritaður hefur skoðað og metið til markaðsverðs framangreinda eign að beiðni Félagsbústaða hf., kt. 510497-2799

**Lýsing á hinni metnu eign**
Um er að ræða 3ja herbergja íbúð á 4. hæð í snyrtilegu fjölbýlishúsi. Eignin er skráð 80,6 fm, þar 4,8 fm geymsla. Eignin er með fastanr. 201-3800, merkt 02-0402.

Komið er inn í **anddyri** með góðu skápaplássi. **Stofa** er rúmgóð með útgengi út á suðursvalir. **Eldhús** er með góðri viðarinnréttingu, flísar á milli skápa. Ofn, helluborð og vifta. Stæði fyrir uppþvottavél og gert er ráð fyrir ísskáp í innréttingu. **Hjónaherbergi** er með góðu skápaplássi og útgengi út á suðursvalir. **Barnaherbergi** er rúmgott. **Baðherbergi** með baðkari, flísar á veggjum og dúkur á gólfi. Samstætt parket er á íbúðinni fyrir utan eldhús og baðherbergi. Gluggar eru ekki í góðu ástandi. Í kjallara er **sérgeymsla** íbúðar. Sameiginlegt þvottahús með tengi fyrir hverja íbúð. Í sameign er vagna- og hjólageymsla. Sameign er snyrtileg.

| | |
|---|---|
| Byggingarár: | 1962 |
| Byggingarefni: | Steypt |
| Fastanúmer: | 201-3800 |
| Flatarmál íbúðar: | 80,6 fm |
| **Húsmat:** | 32.370.000.- |
| **Lóðarmat:** | 4.880.000.- |
| **Fasteignamat alls:** | 37.250.000.- |
| **Brunabótamat:** | 24.150.000.- |

Umbeðið verðmat tekur m.a. mið af núverandi markaðsaðstæðum, og þeim greiðsluskilmálum sem tíðkast á almennum fasteignamarkaði. Matið byggir einnig á opinberum matstölum sem lágu fyrir við skoðun og verðmat. Fasteignasali hefur í dag skoðað og verðmetið ofangreinda eign og auk þess stuðst við upplýsingar sem hann hefur sjálfur aflað sér. Eignina hefur fasteignasali verðmetið eftir bestu samvisku og þekkingu, og lýsir því yfir að hann er ekki í neinum hagsmunatengslum við eiganda hennar. Verðmat er ekki ábyrgðaryfirlýsing um endanlegt söluverð á nauðungarsölu:

Áætlað söluverð miðað við ástand eignarinnar og markaðinn eins og hann er í dag: **Kr. 40.500.000,-**

**Skrifað:fjörutíumilljónirogfimmhundruðþúsund 00/100**

**Framangreindar stærðar- og matstölur eru samkvæmt skrá Fasteignamats ríkisins, dags.01.12.2020.**

Reykjavík, 03.12.2020.

Gylfi Jens Gylfason hdl.
Kt. 170574-5599

Gylfi Jens Gylfason

Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
Lögmaður
gylfi@remax.is

# Verðmat
# Álftamýri 14

**Suðurlandsbraut 52**
Bláu húsin við Faxafen
kt. 590392-2869
**Sími 533 6050**
**www.hofdi.is**

**Ásmundur Skeggjason**, *löggiltur fasteignasali*
**Runólfur Gunnlaugsson**, *löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali*

| Fasteign | Byggingargerð | Heildarflatarmál | Herb. | Stofur | Sv.h. | Baðh. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Álftamýri 14 | Fjölbýlishús | 80.6 m² | 3 | 1 | 2 | 1 |

| Sölutegund | Skoðunardagur | Skoðunarmaður |
|---|---|---|
| Einkasala | - | Ásmundur Skeggjason |

| Aðili | Tengsl | Kennitala | Sími | Farsími | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | Þinglýstur eigandi | 530269-7609 | - | - | 100.0% |

| Fastanúmer Eignar | Sveitarfélag | Landnúmer | Mhl. | Nh. | Nr. íb. |
|---|---|---|---|---|---|
| 201-3800 | 108 Reykjavík | 103657 | 02 | 04 | 02 |

## Eign

| Brunabótamat | Fasteignamat | Lóðarmat | Fasteignamat alls | Leigutekjur |
|---|---|---|---|---|
| 24.150.000 kr. | 32.370.000 kr. | 4.880.000 kr. | 37.250.000 kr. | - |
| **Byggingarefni** | **Byggingargerð** | **Byggingarár** | **Flatarmál** | **Afhending** |
| Steypt | Fjölbýlishús | 1962 | 80.6 | Samkomulag |
| Brunabótamat | Fasteignamat | Byggingarár | Flatarmál | Byggingarefni |

| Fasteignagjöld (ár) | Fráveitugjöld (ár) | Brunatrygging (ár) | Húsfélagsgjöld (mán) | Framkvæmdagjald (mán) |
|---|---|---|---|---|
| - | - | - | kr. | - |

| Lóðarréttindi | Vatns- og frárennslislagnir | Raflagnir | Lóð |
|---|---|---|---|
| - | Upphaflegar | Upphaflegar | Frágengin lóð |

| Upphitun | Gler | Þvottahús | Inngangur | Eignaskipti |
|---|---|---|---|---|
| Hitaveita | Mixað gler | sameiginlegt í kjallara | Sameiginlegur | Bæði |

| Fyrirhugaðar endurbætur | Kvaðir | Gallar |
|---|---|---|
| | | |

Lýsing

**Falleg og vel skipulögð 3-ja herbergja íbúð á 4. hæð í snyrtilegu fjölbýlishúsi á eftirsóttum stað. Sameiginlegt þvottahús er í kjallara ásamt sér geymsla auk hefðbundinnar sameignar.**

Komið er inn í parketlagt hol. Eldhús er parketlagt, t.f. þvottavél, snyrtileg innrétting og tæki. Stofa er parketlögð, útgangur er á svalir. Hjónaherbergi er parketlagt skápur, útgangur er á svalir. Barnaherbergi er parketlagt. Baðherbergi er dúklagt, baðkar með sturtuaðstöðu, skápur er á baði. Mixað gler er í íbúð, móða á milli.

**Í kjallara er sér geymsla, sameignlegt þvottahús, auk hefðbundinnar sameignar.**

**Hús og sameign eru mjög snyrtileg, en ekki liggur fyrir yfirlýsing frá húsfélagi um stöðu þess og er verðmat þetta gert með fyrirvara um að almennt ástand húss og sameignar sé í lagi.**

| Söluverð | Dagsetning verðmats |
|---|---|
| 39.000.000 kr. | 3. desember 2020 |

Framanskráða eign hefur undirritaður metið eftir bestu samvisku og þekkingu. Hann hefur fylgt viðurkenndum matsaðferðum. Undirritaður hefur skoðað eignina sjálfa og auk þess stuðst við gögn og upplýsingar sem hann hefur aflað sér. Undirritaður lýsir því yfir að hann er ekki í neinum hagsmunatengslum við matsbeiðanda eða eigendur eignarinnar né sé hann nákomin þeim vegna vensla eða vinskapar.

# Álftamýri 14, 02-0402

Háaleiti/Skeifa, 108 Reykjavík

03. desember 2020

Unnið af Gangverð ehf. fyrir Ásmundur Skeggjason, Höfði Fasteignasala.

## FORSENDUR MATS

| Birt stærð | Herbergi | Klósett | Baðkör | Sturtur | Bygg.stig |
|---|---|---|---|---|---|
| 80.6 m² | 2 | 1 | 1 | Nei | 7 |

| Íbúð | Bílskúr | Geymsla | Háaloft | Kjallari | Lóð | Svalir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 75.8 m² | Nei | 4.8 m² | Nei | Nei | Nei | 5.7 m² |

| Tegund | Byggt | Efni | Skoðunarstuðull | Lyfta | Bílastæði |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúð | 1962 | Steypa | 1 | Nei | Nei |

**Nýjasta verðmat** 39.4 Mkr

## VERÐMATSÞRÓUN




## LÍKAR SÖLUR

| Heimilisfang | Stærð | Tegund | Herb.fj. | Byggt | Söludags. | Söluverð | kr/m² |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Álftamýri 8 | 80 m² | Íbúð | 2 | 1962 | 30. sep 2020 | 43.5 Mkr | 544þ |
| Álftamýri 12 | 78.3 m² | Íbúð | 2 | 1962 | 21. sep 2020 | 38.2 Mkr | 488þ |
| Álftamýri 24 | 72.9 m² | Íbúð | 2 | 1963 | 09. sep 2020 | 38.2 Mkr | 524þ |
| Bólstaðarhlíð 56 | 72.6 m² | Íbúð | 1 | 1965 | 21. ágú 2020 | 37.2 Mkr | 512þ |
| Álftamýri 24 | 73.8 m² | Íbúð | 2 | 1963 | 22. jún 2020 | 36.5 Mkr | 495þ |
| Skipholt 51 | 88.6 m² | Íbúð | 2 | 1963 | 08. jún 2020 | 39.5 Mkr | 446þ |
| Skipholt 53 | 88.5 m² | Íbúð | 2 | 1963 | 02. jún 2020 | 37.5 Mkr | 424þ |
| Bólstaðarhlíð 64 | 88.6 m² | Íbúð | 3 | 1963 | 19. mar 2020 | 39.5 Mkr | 446þ |
| Álftamýri 10 | 83.7 m² | Íbúð | 2 | 1962 | 31. jan 2020 | 37.9 Mkr | 453þ |
| **Álftamýri 14** | **80.6 m²** | **Íbúð** | **2** | **1962** | **24. okt 2017** | **34.0 Mkr** | **422þ** |


© Gangverð ehf. 2020. Öll dreifing til þriðja aðila óheimil. Öll réttindi áskilin.
Ásmundur Skeggjason, Höfði Fasteignasala prentaði.